

**Nr. 18-064 S 041 Óskráður RIB skemmtibátur****Bátsverji fellur frá borði og drukknar**

Gerð: Parker 750 RS  
 Smíðaður: Pólland, 2005, trefjaplast  
 Serial .nr. PL-PAR 75004E 205  
 Mesta lengd: 7,5 m Skráð lengd: 6,36 m  
 Breidd: 2,75 m Dýpt:  
 Vél: Utanborðsmótor, Mercury, 225 hö  
 Fjöldi skipverja: 1



Samskonar bátur @ NN

**Gögn:**  
 Lögregluskýrslur  
 Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi þann 1. febrúar 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 20. apríl 2018 rétt um miðnætti var opinn skemmtibátur (harðbotna slöngubátur) á siglingu við Vogabakka í Faxaflóahöfn. Veður: Vogabakka kl. 24:00, ASA 3-4 m/sek, skýjað, hiti 6,7°C.

Viðgerðaraðili hafði verið að yfirfara vélbúnað bátsins og sjósetja hann eftir vetrargeymslu. Eftir sjósetningu fór hann í prufusiglingu rétt fyrir miðnætti (19. apríl) á bátnum frá Snarfarhöfn og um Kleppsvíkina.


Menn sem þekktu til viðgerðaraðilans fóru að lengja eftir honum og hófu að svipast um eftir honum um stund á bátalæginu og við viðlegukanta þegar hann hafði ekki skilað sér. Fóru þeir síðan til leitar á bát út frá Snarfarahöfn og fundu þeir bátinn mannlausan í gangi við bryggju Samskipa við Vogabakka. Höfðu þeir þá samband við lögreglu en þá var kl. 01:17 (Sjá mynd 1). Nokkrar ákomur voru á bátnum og slöngur rifnar að framan.



Mynd 1 Báturinn við Vogabakka

Leit var þegar hafin að bátsverjanum og fannst hann látinn í sjónum um kl. 05:15 u.þ.b. 200 m frá landi og talsvert vestar frá siglingarsvæði hans. Útfall var á svæðinu þegar og eftir að atvikið varð.

Á mynd 2 sést öll ferilskráningin sem hægt var að ná úr siglingatölvu bátsins en ekki sést ferillinn út úr Snarfarahöfn í upphafi ferðar. Á siglingunni er líklegt að báturinn hafi lent utan í staur - ljósmerki (merkt B á mynd 2) áður en hann breytir um stefnu og stöðvast við bryggjuna á Vogabakka.




Mynd 2 Heildarferilskráning á siglingunni í Kleppsvík

Á mynd 2 er fyrsta merkið í ferilskráningunni merkt A, B er merking þar sem báturinn líklega lenti á staurnum og C er staðurinn þar sem hann fannst við Vogabakka.

Ekki er fullvíst hvar bátsverjinn féll fyrir borð en líklegt að það hafi verið við staurinn.

**Við rannsókn kom fram:**

- að þegar að var komið fannst bifreið hins látna í gangi á athafnasvæði Snarfara;
- að þegar báturinn fannst mannláus við Vogabakka voru yfirbreiðslur yfir sætum og hlífðarglugga á mælaborði (*sjá mynd 1*). Við skoðun var ljóst að bátsverjinn hefði þurft að hafa hendur á stjórnþöku og stýri undir yfirbreiðslunni. Til að sjá yfir yfirbreiðsluna á siglingunni hefði hann jafnframt orðið að standa við stjórnþökin;



Mynd 3 Teikning af PARKER RIBs 750 RS og ákomur (skemmdir)

- að ákomur merktar Á-1 og Á-2 á mynd 3 eru að líkindum eftir að báturinn lenti á staurnum. Ákomur Á-3 og Á-4 eru að líkindum tilkomnar vegna ásiglingar á bryggjuna (Vogabakka);
- að siglingatölva bátsins var af gerðinni *GARMIN Active Log 017 004* sem eins og áður segir ferilskráði siglinguna (*sjá mynd 4*) að stærstum hluta. Samkvæmt henni var báturinn á u.þ.b. 31 hnúta ferð (58 km/h) þegar hann fer við staurinn kl. 00:06:22. Eftir það sést á ferilskráningunni að hann hægir töluvert á ferðinni það sem eftir er ferðar eða í rúma 11 hnúta hraða (31 km/h). Svo virðist sem sigling bátsins hafi stjórnað af grynningunum, útfalli og frácasti þar til að hann lenti á Vogabakka kl. 00:09:44;

51 km/h	168.9° true	20/04/2018 00:06:17
52 km/h	169.2° true	20/04/2018 00:06:19
52 km/h	167.4° true	20/04/2018 00:06:20
52 km/h	166.3° true	20/04/2018 00:06:21
<u>58 km/h</u>	<u>163.7° true</u>	<u>20/04/2018 00:06:22</u>
57 km/h	169.7° true	20/04/2018 00:06:29
49 km/h	166.6° true	20/04/2018 00:06:32
44 km/h	158.8° true	20/04/2018 00:06:39
39 km/h	149.9° true	20/04/2018 00:06:40
33 km/h	136.4° true	20/04/2018 00:06:46

Mynd 4 Hluti ferilskráningar úr siglingatölvu

- að staurinn/ljósmerkið var úr sívölu stáli og voru sýnileg merki um ákomu á honum eins og sjá má á mynd 5. Þessi merki pössuðu við skemmdir á bátnum og sjávarhæð þegar slysið varð;
- að ljós og merkingar staurins voru í lagi;



Mynd 5 Staurinn og ákomurnar á honum á innfelldu myndinni

- að bátsverjinn var ekki í björgunarvesti á siglingunni;
- að samkvæmt krufningarskýrslu var dánarorsök bátsverjans drukknun. Einnig kom fram í skýrslunni að hann hafi verið ölvaður.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.